

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1970

6. júlí 1970.

399

Nr. 102.

AUGLÝSING

um afturköllun leyfis til síldveiða fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu samkvæmt auglýsingu nr. 57 20. marz 1970.

Ráðuneytið afturkallar frá og með 7. júlí 1970 leyfi til síldveiða fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu, sem veitt var með auglýsingu nr. 57 20. marz 1970, sbr. reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breyting á reglugerð nr. 7 22. febrúar 1966, um bann við veiði smásíldar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

6. júlí 1970.

Nr. 103.

AUGLÝSING

um bann við veiðum með botnvörpu, flotvörpu, dragnót og herpinót á hrygningarsvæðum síldar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 7. júlí til 7. ágúst 1970 er bannað að veiða með botnvörpu, flotvörpu, dragnót og herpinót á eftirgreindum svæðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands:

1. Í Faxaflóa á svæði, sem afmarkast af línunum, er hugsast dregnar milli eftirtalinnna punkta:

- 1) 64°12' n.br., 23°18' v.lgd.
- 2) 64°30' n.br., 23°28' v.lgd.
- 3) 64°30' n.br., 22°48' v.lgd.
- 4) 64°12' n.br., 22°38' v.lgd.

2. Fyrir suðurströnd landsins á svæði, sem takmarkast að vestan af 22°32' v.lgd. og austan af 21°57' v.lgd. og nær frá fjöruborði út að línu, sem hugsast dregin í beina stefnu milli punkta á ofangreindum lengdarbaugum 3 sjómíflur frá landi.

B 51

2. gr.

Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.